

12. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn mánudaginn 24. ágúst kl. 17:30 í Félagsheimili Hrunamanna.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason.

Einnig sat fundinn Jón Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

- 1. Sameiginlegt útböð á sorphirðu.**
- 2. Friðlýsing Kerlingarfjalla.**
- 3. Önnur mál.**

1. Sameiginlegt útböð á sorphirðu í Uppsveitum.

Erindi barst frá Grímsnes- og Grafningshreppum um hvort Hrunamannahreppur hefuri áhuga að taka þátt í sameiginlegu útböði á sorphirðu sem Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð eru að fara í. Erindið var einnig sent til Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps vísaði málinu til umfjöllunar í umhverfisnefnd. Formaður og sveitarstjóri fóru yfir málið.

Umhverfisnefnd tekur jákvæt í erindið og leggjur til við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að taka þátt í undirbúningi á sameiginlegu útböði á sorphirðu með þeim fyrirvara að sveitarfélögin sameinist um að hafa eitt og sama flokkunarkerfi í öllum sveitarfélögunum sem taka þátt og að útböðið leiði til rekstrarhagræðis til lengri tíma.

2. Friðlýsing Kerlingarfjalla.

Formaður fór yfir málið. Kerlingarfjöll voru friðlýst þann 10. ágúst síðastliðinn eftir að hafa verið í ferli í 7 ár. Umhverfisnefnd lýsir ánægju sinni með að loksins tókst að ljúka þessu verki sem mun vonandi treysta stöðu fjallana um ókomna tíð.

3. Önnur mál.

Jón fór almennt yfir stöðuna í umhverfismálum og verkefni sem farið var í í sumar. Kerfil hreinsun var framkvæmd, snyrtar voru aspir og farið var í það að laga gönguleið á Miðfell.

Fundi slitið 18:30